



Alþýðusamband Íslands

Umsögn miðstjórnar ASÍ

um tillögu Verkalýðsfélags Akraness um breytingu á 33.gr. laga ASÍ.

Eftirfarandi tillaga barst frá stjórn og trúnaðarráði Verkalýðsfélags Akraness (viðbætur eru undirstrikaðar og það sem út fer yfirstrikað).

Miðstjórn stjórnar daglegri starfsemi Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir sambandsþinga.

Miðstjórn ber ábyrgð á allri starfsemi Alþýðusambandsins og stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Í þessu felst að miðstjórn getur gripið inn í slíka starfsemi þegar hún telur þörf á.

Miðstjórn er heimilt að fela vinnunefndum að fara með dagleg verkefni Alþýðusambandsins í tilteknum málum.

Miðstjórn skal kosin til tveggja ára í senn, þannig að forseti skal kjörinn sérstaklega til tveggja ára í senn í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal fullgildra félagsmanna aðildarfélaga ASÍ en á sambandsþingi ~~skal~~ kjósa forseti og varaforseta ~~í~~ kosin sérstaklega og þrettán meðstjórnendur. Þessi mynda miðstjórn Alþýðusambands Íslands.

Auk þess skal kjósa ellefu varamenn.

Kosningu forseta skal lokið einum mánuði fyrir sambandsþing og tekur hann við embætti í lok þess. Um framkvæmd kosningar fer skv. sérstakri reglugerð sem sambandsþing samþykkir. Þar skal m.a. kveðið á um kjörgengi, framboðsfresti, atkvæðisrétt þ.m.t. rétt þeirra sem vinna hluta úr degi, fjölda meðmælenda o.fl.

[Ákvæði til bráðabirgða: Kosið skal eftir ákvæði þessu í fyrsta sinn í aðdraganda sambandsþings 2014. Í fyrsta sinn sem kosið er skv. ákvæði þessu skal kosningu hagað skv. reglum sem miðstjórn samþykkir og sem settar skulu í samræmi við gildandi reglugerð um framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ. Reglur þessar skulu afgreiddar úr miðstjórn fyrir lok september 2013 en tillaga um reglugerð um kosningu forseta skulu lagðar fyrir sambandsþing 2014 til samþykktar.]

Við kjör miðstjórnar skal leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Enginn er löglega kosinn í miðstjórn, nema hann fái a.m.k. helming greiddra atkvæða.

Forfallist forseti eða varaforseti svo að þeir geti ekki gegnt störfum sínum, skal miðstjórn þegar koma saman til fundar og kjósa varaforseta úr hópi miðstjórnarmanna.

Miðstjórn hefur æðsta vald í öllum málefnum Alþýðusambandsins á milli sambandsþinga nema lög þessi geymi ákvæði um annað, og ber aðildarsamtökum ASÍ og hverjum þeim, sem trúnaðarstarfi gegnir fyrir sambandið, að hlýða fyrir mælum hennar og úrskurðum, en rétt hafa aðilar til að skjóta ágreiningsmálum sínum við miðstjórn til sambandsþings, sem þá fellir fullnaðarúrskurð um þau.

Miðstjórn setur reglur um starfsemi einstakra deilda og stofnana, sem reknar eru á vegum heildarsamtakanna.

Miðstjórn setur með reglugerð fyrirmæli um undirbúning og framkvæmd allsherjaratkvæðagreiðslu. Skal reglugerðin vera þannig sniðin, að eftir henni megi fara við kjör fulltrúa á þing ASÍ, kjör fulltrúa á þing aðildarsamtaka og við stjórnar- og trúnaðarmannaráðskosningar í verkalýðsfélögunum.

Reglugerðin skal gilda fyrir öll aðildarsamtök ASÍ og deildir þeirra.

Tillagan er rétt fram komin og á fundi miðstjórnar þann 26.9 2012 var fjallað um hana og eftirfarandi umsögn veitt sbr. 50.gr. laga ASÍ:

„Í aðdraganda ársfundar ASÍ 2010 var farinn sérstök skipulagsferð og haldnir 14 fundir með öllum aðildarfélögum ASÍ. Á ársfundi 2010 voru síðan gerðar talsverðar breytingar á lögum ASÍ. Á þremur þessara funda kom fram tillaga um beint kjör forseta í allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna aðildarsamtaka ASÍ. Í greinargerð um niðurstöður skipulagsferðarinnar og fundanna segir:

„Á 3 fundum komu fram hugmyndir um beint kjör forseta og á þeim fengu þær 60 atkvæði. Kostirnir virðast fyrst og fremst vera þeir að forsetinn fengi svipaða stöðu og formaður í aðildarfélagi þ.e. hann myndi sækja umboð sitt beint til allra félagsmanna ASÍ og gæti átt bein og milliliðalaus samskipti við þá. Gallinn er fyrst og fremst sá, að ASÍ er samband aðildarféлага sem koma saman á ársfundi og ráða ráðum sínum en er ekki stéttarfélag í hefðbundnum skilningi. Forseti ASÍ sækir þannig umboð sitt og verkefni til aðildarsamtakanna sem fara með hið eiginlega vald innan ASÍ þ.e. kjarasamningsréttinn. Innan ASÍ eru völd fjölmennustu félaganna takmörkuð með ýmsum hætti, m.a. innan miðstjórnar og í nefndum og ráðum. Forseti sækir þannig umboð sitt ekki einungis til meirihluta þeirra félagsmanna sem félögin velja á ársfund heldur einnig og ekki síður til stórs hluta þeirra aðildarsamtaka sem mynda ASÍ. „

Tillaga um beint kjör forseta varð ekki hluti af þeim lagabreytingum sem lagðar voru fram og samþykktar á ársfundi 2010.

Það er álit miðstjórnar ASÍ, að það fyrirkomulag að forseti sambandsins sé kjörinn í leynilegri atkvæðagreiðslu allra þingfulltrúa á þingum ASÍ samræmist best hlutverki hans innan skipulags ASÍ og vísar m.a. í því efni til þess sem fram kemur í greinargerð um niðurstöður skipulagsferðarinnar.“

Lagt er til að fjallað verði um þessa tillögu Verkalýðsfélags Akraness með eftirtöldum hætti:

1. Tillagan verði kynnt undir liðnum „Lagabreytingar“ á þinginu.

Að lokinni kynningu og 1. umræðu verði tillögunni vísað til frekari umfjöllunar í laganevnd.